MYNDLIST

● **Ian Hamilton Finlay**, skoskur listamaður sem hlotið hefur alþjóðlega frægð sem ljóðskáld, myndlistarmaður og skrúðgarðahönnuður, sýnir verk sín á Kjarvalsstöðum á menningarhátíðinni SKOTTÍS, skosk-íslenskum menningardögum. Á sýningunni, sem hefst á laugardag, gefur að líta myndverk Finlays, nokkra neonskúlptúra og litskyggnur af Stonypath- garðinum í Lanarkshire, einu af mikilvægustu samtímalistaverkum Evrópu. *Hefst laugardag kl. 16.*

● **Inga Svala Þórsdóttir** og **Olga Bergmann** sýna verk sín í Gallerí 11. Inga Svala sýnir skúlptúrverk en Olga málverk. Hefur hún tileinkað sér gamla tækni, svonefnt *egg tempura*, og eru öll verkin máluð á tré.

● **Bandarísk utangarðslist** í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar. Sýningin, sem heitir öðru nafni „Outsider USA", er skipulögð af Thord Thordeman og hefur verið sett upp víða um Norðurlönd. Héðan fer sýningin til meginlands Evrópu. *Hefst laugardag.*

● **Afmælissýning Nýlistasafnsins**, sem á 15 ára afmæli um þessar mundir. Sex listamenn sýna verk sín í boði safnsins; Aðalheiður Elva Jónsdóttir, Elsa D. Gísladóttir, Pétur Örn Friðriksson, Ólöf Nordal, Ragna Hermannsdóttir og Ingileif Thorlacius. *Hefst laugardag.*

● **Jóhann Jónsson** frá Vestmannaeyjum sýnir vatnslitamyndir sínar í Lóuhreiðri við Laugaveg. *Opið virka daga kl. 9–18 og laugardaga kl. 10–14.*

● **Ásmundur Sveinsson**. Í Ásmundarsafni setndur yfir sýningin Bókmenntirnar í list Ásmundar Sveinssonar. *Opið alla daga kl. 10–16.*

● **Lítil verk** íslenskra myndlistarmanna eru sýnd á myndlistarsýningu í Listmunahúsinu. Á sýningunni eru tæplega hundrað verk eftir eftirtalda listamenn: Ásu Ólafsdóttur, Eyjólf Einarsson, Guðrúnu Einarsdóttur, Gunnar Örn Gunnarsson, Huldu Hákon, Hring Jóhannesson, Jóhannes Geir Jónsson, Jón Axel Björnsson, Jón Óskar, Magnús Kjartansson, Magnús Tómasson, Sigríði Ásgeirsdóttur, Sigurð Örlygsson og Willem Labey. *Opið virka daga kl. 12–18 og um helgar kl. 14–18. Lokað á mánudögum.*

● **Sigurjón Sigurðsson** sýnir málverk sín í Perlunni, 1. hæð. *Síðasta sýningarhelgi.*

● **Peter Bishop** sýnir grínaktugar teikningar í setustofu Nýlistasafnsins. *Opið kl. 14–18.*

● **Japanskar trérista** eru myndhefð sem af mörgum er talin eitt helsta framlag Japana til heimslistasögunnar. Meðal annars eru á sýningunni í Mokka verk eftir suma af stórsnillingum japanskrar prentmyndahefðar. *Síðasta sýningarhelgi.*

SÝNINGAR


● **Víkin og Viðey**, sýning í Nýhöfn á fornleifum frá landnámi til síðaskipta í Reykjavík, á vegum Árbæjarsafns.

● **Sigurgeir Sigurjónsson** sýnir landslagsljósmyndir í Ráðhúsi Reykjavíkur. Hann hefur nýverið gefið út bók með ljósmyndum sínum.

● Lækningaminjasafn sem sýnir áhöld og tæki sem tengjast sögu læknisfræðinnar á Íslandi, í Nesstofusafni við Neströð á Seltjarnarnesi.

HVERNIG Á AÐ FJALLA UM MENNINGUNA?

Í desembermánuði flæddu yfir landsmenn bókapistlar og menningarrýni í fjölmiðlum, svo ríflega að það gekk fram af venjulegu fólki. Flóðbylgja þessi heyrir ekki til nýmæla en getur verið skrambi leiðigjörn sé ekki sæmilega að henni staðið. Heilmikil umræða fór þó fram um umfjöllunina sem slíka og voru uppi ólíkar skoðanir um ágæti hennar. PRESSAN innti þrjá rithöfunda, Ólaf Gunnarsson, Guðmund Andra Thorsson og Friðriku Benónýs, um menningarlega umræðu hérlendis. Fara spurningar og svör hér á eftir.



Ólafur Gunnarsson

1. Að magninu slepptu, er opinber umræða um menningu og listir nógu góð?

Guðmundur Andri: „Umræðan um það hvort umræðan sé nógu mikil er að minnsta kosti alveg nógu mikil. Umræða um listir snýst eiginlega ekki um neitt annað en það. Og svo hitt að það vanti peninga. Hins vegar gerist nánast aldrei að maður heyri opinberlega skemmtilegt fólk tala um eitthvað annað en þessa endalausu umræðu."

Ólafur: „Nei, hún er ekki nægilega vönduð og ekki nógu fagmannlega unnin."

Friðrika: „Það er svo afstætt hvað er nógu gott. Sjálf hef ég verið blaðamaður, gagnrýnandi og rithöfundur og því setið öllum megin borðsins. Það hefur alltaf farið í taugarnar á mér að listamenn hafa haft ótakmarkaðan aðgang að fjölmiðlum í auglýsingaskyni. Þeir telja sig hafa þann rétt og verða móðgaðir og fúlir segi maður sem blaðamaður að það sem þeir hafi fram að færa sé ekki nægilega gott til að um það sé fjallað. Umræðan ber því oft keim af auglýsinga- og yfirborðsmennsku."

2. Hverjir eru gallarnir og hverjir eru kostirnir?

Guðmundur Andri: „Það er einhver ótti við annars vegar dýpt og hins vegar léttleika sem skilar sér í þessu brúnaþunga tíðindaleysi. Það hafa til skamms tíma verið of áberandi menn sem eru einhvern veginn íbyggnir yfir engu — svona „ég-hygg- að-hiklaust-megi-segja-menn. Þeir eru afurðir þess þegar stjórnmálaflokkarnir stjórnuðu hér gagnrýni eins og öðru og eru sennilega að deyja út. Menningarumfjöllun hefur smám saman víkkað með óháðum miðlum og það er komið fram fólk sem telur sig hafa öðrum skyldum að gegna en búa til þjóðskáld."

Ólafur: „Kostirnir eru þeir að við njótum fámennis og fáum umfjöllun um bækurnar. Erlendis er það víst svo að þar er maður í fullri vinnu nokkra daga vikunnar við að opna bókaböggla. Aðeins lítill hluti ritverka fær gagnrýni og afganginum er einfaldlega skóflað á fornsölur. Gallinn hér er hins vegar sá að gagnrýnin sem birtist er oft hroðvirknislega unnin. Þeir sem starfið stunda mættu til dæmis fylgjast betur með því sem er að gerast erlendis og uppgötva þar með sérstöðu Íslands. Við eigum marga listamenn sem standast samanburð og höfum ekkert til að skammast okkar fyrir."

Friðrika: „Gallarnir eru fyrst og fremst þeir að engin skýr mörk eru á milli auglýsingamennsku og umfjöllunar. Að mínum dómi var það hræðilegt af PRESSUNNI að skella viðtölum við höfunda saman við gagnrýni. Þá fer þetta að verða ískyggilega augljóst."


3. Fá íslenskar bókmenntir þá gagnrýni sem þær eiga skilið?

Guðmundur Andri: „Ég veit það ekki. Sumt af henni er svolítið loðmullulegt og til marks um það hvað Íslendingar eiga bágt með að fjalla um hugmyndir. Hún á ekki endilega að vera „hörð" eða „væg", þarf ekki einu sinni alltaf að vera sanngjörn. Hún verður hins vegar að vera greindarleg. Það ætti að vera leiðarljós gagnrýnendum þegar þeir setjast niður til að skrifa: Ég vil að fólki finnist ég svo greind(ur)."

Ólafur: „Það er stöðugt til vandræða að flestallar bækur eru gefnar út á síðustu mánuðum ársins í einni kös. Mér finnst því að oft fái þær fagmannlegri umfjöllun eftir áramót þegar tíminn er rýmri og má í því sambandi nefna tímarit Máls og menningar."

Friðrika: „Oftast nær. Það er þó einn hvimleiður ávani gagnrýnenda sem færst hefur í aukana með árunum en hann er sá að setja samasemmerki á milli gagnrýni og niðurrifsstarfsemi. Niðurrifsstarfsemi er að slá sjálfan sig til riddara með því að vera ofsalega harður og töff. Frumskilyrðið er að ganga út frá forsendum bókmenntanna sjálfra.

Það er alltaf leiðinlegt að lesa dóma þar sem gagnrýnandi segir rithöfundinum hvernig bók hann hefði átt að skrifa í stað þess að fjalla um bókina sjálfa. Svo er hreint og beint ógnvekjandi að jafnvel sá sem sér um neytendasíðuna skrifi um bókmenntir eins og tíðkaðist á DV fyrir þessi jól. Þar var enginn faglegur grundvöllur lagður að gagnrýni."



Guðmundur Andri Thorsson

4. Taka rithöfundar nægan þátt í þessari umræðu sjálfir, eða er hún ef til vill hlutverk annarra?

Guðmundur Andri: „Nei. Mér finnst of algengt að sjá höfunda víkjast undan því að tala um nokkurn skapaðan hlut með alíbíinu „Mitt er að yrkja, ykkar að skilja". Umræða höfunda um bókmenntir er of mörkuð hagsmunum í brauðstriti, sem ég býst við að sé óhjákvæmilegt. Það er þá þeim mun brýnna að þeir séu ekki að skipta sér af umfjöllun gagnrýnenda, sætti sig við að rætt sé um það sem þeir senda frá sér."

Ólafur: „Það er aldrei gott að taka þátt í gagnrýnni umræðu um eigið verk, það er erfitt og ef til vill tilgangslaust. Gagnrýnandi á að segja hvað honum sjálfum finnst og ef rithöfundur setur sig í þau spor er eins og hann sé að halda stjórnarfund um ágæti verka sinna."

Friðrika: „Mér finnst rithöfundarnir fá of mikið sjálfdæmi um hverju þeir vilja koma á framfæri. Þeir voru til dæmis fáránlegir og jafnframt neyðarlegir bókakynningarþættirnir tveir sem sýndir voru í Ríkissjónvarpinu fyrir jólin þar sem hóað var saman hópi af rithöfundum sem klöppuðu hver öðrum á bakið."

5. Geturðu nefnt dæmi um umfjöllun síðustu mánaða sem var góð og jafnframt um einhverja sem var vond?

Guðmundur Andri: „Bókablað PRESSUNNAR var jafn líflegt og skemmtilegt og bókablað Moggans var dauðyflislegt. Það sama var upp á teningnum í sjónvarpinu. Þeir hjá Stöð 2 gerðu frísklega og fagmannlega kynningarþætti á jólabókunum, meðan ríkissjónvarpið varð sér enn eitt árið til skammar í sinni umfjöllun."

Ólafur: „Nei, á hvorugan veginn get ég það. Almennt má hins vegar segja að jákvætt er þegar gagnrýnendur leyfa sér að vera ekki svo stórir með sig sjálfir að þeir þori að hrífast af öðrum en dauðum mönnum. Þeir verða að segja meiningu sína og verða jafnframt að vera færir um að sleppa fram af sér beislinu, ekki aðeins þegar þeir eru reiðir, heldur líka þegar þeir eru glaðir."

Friðrika: „Sjónvarpsþættirnir voru fyrir neðan allar hellur. Einnig fannst mér sárt að sjá umfjöllun Kolbrúnar Bergþórsdóttur, sem er að mörgu leyti mjög góður gagnrýnandi, um bók Trausta Steinssonar. Í dómnum kvaðst hún hafa hætt lestri á blaðsíðu fjörutíu. Engu að síður skrifaði hún gagnrýni. Ekki veit ég um hvað hún var að skrifa fyrst hún las ekki bókina. Dæmi um mjög vel unna og góða gagnrýni voru hins vegar dómar Jóns Halls Stefánssonar í PRESSUNNI um nýjustu bækur Þorsteins frá Hamri og Gyrðis Elíassonar, en auk þess að fjalla um feril þeirra kristallaðist þekking hans á rithöfundunum í dómunum. Maður verður að bera þá virðingu fyrir sjálfum sér að skrifa ekki eingöngu um eitthvað sem manni dettur fyrst í hug. Einkenni bókmenntakynningar Stöðvar 2 var hraðsuða; stutt, knappt og töff."



Friðrika Benónýs

Ljóðskáld, myndlistarmaður og skrúðgarðahönnuður



Verk Ians Hamilton Finlay verða tekin til sýningar á Kjarvalsstöðum um helgina, en þar fer einn kunnasti listamaður Bretlandseyja sem jafnframt hefur hlotið mikla alþjóðlega frægð.

Nú um helgina verður opnuð sýning á verkum eins þekktasta listamanns Skota, Ians Hamilton Finlay. Hann hóf feril sinn sem ljóðskáld og rithöfundur. Finlay var einn þeirra fyrstu sem hófu að vinna myndrænt með ljóð, „konkretpóesíverk", og var brautryðjandi á því sviði í Evrópu. Út frá rituðum orðum sínum hefur hann unnið þrívíð verk og prentuð af ýmsu tagi, en hann málar hins vegar aldrei.

Alþjóðlega frægð hefur hann ekki síst hlotið fyrir sérstakt viðfangsefni sitt og listrænt undur, skrúðgarðinn „Litlu Spörtu". Þar heldur hann sig öllum stundum en ekki allir hljóta það happ að fá inngöngu í hann, því Finlay þennan má nefnilega telja til örgustu sérviskupúka. Almenningur þarf að fara eftir töluverðum krókaleiðum til að fá aðgang að garðinum og eru kvenfélög til dæmis í litlu uppáhaldi hjá honum.



Sérviska hans veldur því einnig að hann fylgir verkum sínum aldrei úr hlaði og kýs að nota óhefðbundnar leiðir til samskipta við umheiminn. Til að koma hugmyndum sínum á framfæri má segja að hann tali í gegnum listaverkin svo og fjölmiðlana, en árið 1961 hleypti hann af stokkunum sérstöku útgáfufyrirtæki, „Wild Hawthorn", sem hefur framleitt meira en 800 verka hans. Þar á meðal má nefna póstkort, ljóð, tímarit, bæklinga og jafnvel hlífar fyrir sultukrukkur.

Tveir fyrirlestrar verða haldnir um listamanninn; annar á sunnudag en hinn síðar í mánuðinum.